

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 27. maí 2022
Mnr. 2022040097



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - opinber heimsókn forseta Íslands til Ísafjarðarbæjar 2022

Fyrirhugað er að forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ásamt frú Eliza Jean Reid, komi í opinbera heimsókn til Ísafjarðarbæjar 7. og 8. júní 2022.

Fyrirhugað er að forsetahjónin heimsæki Ísafjörð, Þingeyri og Suðureyri þessa tvo daga, en að þessu sinni verði ekki farið á Flateyri, þar sem forseti hefur sótt bæinn heim í tvígang síðustu ár. Forseti mun heimsækja stærstu vinnustaði á svæðinu, leikskóla og hjúkrunarheimili, auk þess að vera við útskrift 10. bekkinga úr Grunnskóla Ísafjarðar í Ísafjarðarkirkju að kvöldi þriðjudags.

Þá mun sveitarfélagið bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins til veislu þriðjudaginn 7. maí, sem hefst með skrudgöngu og tónlistarhátíð sem fer um miðbæ Ísafjarðar, og lýkur með kaffisamsæti í Edinborgarhúsinu. Þar geta allir íbúar hitt forseta Íslands og frú Elizu Reid.

Dagskráin mun hefjast að morgni þriðjudagsins 7. júní, með fundi forsetahjónanna með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og sviðsstjórum, í sal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhús. **Óskað er eftir því að allir bæjarfulltrúar mæti til fundarins sem stendur yfir kl. 9-9.30.**

Þá er óskað eftir því að bæjarstjóri, ásamt bæjarritara og upplýsingafulltrúa, fylgi forsetahjónunum að öllu leyti dagana 7. og 8. júní. Jafnframt er óskað eftir að bæjarfulltrúar, a.m.k. formenn flokka, fylgi forseta á nýsköpunar- og atvinnulífssýningu í Vestrahúsi þriðjudaginn 7. júní, kl. 13-15.30, auk þess að fylgja forseta í skrudgöngu um Ísafjörð sama dag, kl. 16.15.